



Erindisbréf stafræns ráðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Hlutverk og skipan stafræns ráðs

Stafrænt ráð er ráðgefandi fyrir stjórn Sambandsins við stefnumótun og ákvarðanatöku um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði.

Ráðið skal skipað tíu fulltrúum í heildina. Átta fulltrúar samkvæmt tilnefningum landhlutasamtaka sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg og einn fulltrúi tilnefndur af stjórn Sambandsins til að styðja við verkefni ráðsins og efla eftirfylgni mála inná stjórnarfundum. Ráðið kys sér sjálft formann.

Fulltrúar í stafrænu ráði skulu tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Fulltrúar landshlutasamtaka í stafrænu ráði skulu miðla upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum til Sambandsins og upplýsingum um viðhorf sveitarstjórna í landshlutunum til sameiginlegrar stefnumótunar og hugmynda um samstarfsverkefni.

Helstu verkefni stafræns ráðs

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar Sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Veita, eftir því sem við á, álit um lagafrumvörp, reglugerðir og opinberar áætlanir eða aðra stefnumótun sem varða stafræna framþróun.
- Vekja athygli á málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi Sambandsins, sem og á þróun, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að Sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um.
- Leggja mat á forgangsröðun stafrænna verkefna sveitarfélaganna sem eru hluti af starfsáætlun Sambandsins og fjármögnunaráætlun fyrir samstarfsverkefni sveitarfélaga.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða Sambandsins á sviði stafrænnar þróunar.

Boðun funda og fundargerðir

Fundir ráðsins eru haldnir eftir þörfum. Stafrænt teymi Sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara í samvinnu við formann ráðsins. Formaður stjórnar fundum ráðsins en teymisstjóri gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn Sambandsins til kynningar og birtar á heimasíðu Sambandsins.

Kostnaður af störfum ráðsins

Landshlutasamtökin og Reykjavíkurborg greiða kostnað vegna þátttöku sinna fulltrúa í ráðinu. Sambandið greiðir fyrir sinn fulltrúa sbr. reglur Sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
13. desember 2024